

Ed. 897. Frumvarp til laga [486. mál]

um breyting á lögum nr. 98 3. maí 1935, um virkjun Fljótaár.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Virkjun sú, sem rekin er samkvæmt lögum þessum, Skeiðsfossvirkjun, er undanþegin tekjuskatti, eignarskatti, stimpilgjöldum vegna lána, sem virkjunin tekur, eða vegna eignafsala til fyrirtækisins, útsvari, aðstöðugjaldi svo og öðrum gjöldum til sýslusjóða og sveitarfélaga. Þó skal Skeiðsfossvirkjun greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af húseignum virkjunarinnar skv. öðrum lagafyrirmælum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er að því stefnt að gera Rafveitu Siglufjarðar, sem rekur Skeiðsfossvirkjun í Fljótum, jafnt setta, að því er varðar greiðslu opinberra gjalda, öðrum orkufyrirtækjum, sbr. 16. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun, 13. gr. laga nr. 66/1976 um Orkubú Vestfjarða, 14. gr. laga nr. 100/1974 um Hitaveitu Suðurnesja og 4. gr. laga nr. 26/

1977 um virkjun Hvítár í Borgarfirði (Andakílsárvirkjun). Þá eru í 4. gr. laga nr. 60/1981 um raforkuver sambærileg ákvæði um skattafríðindi orkuvera, sem reist verða samkvæmt þeim lögum. Geta ber þess að Rafmagnsveitur ríkisins njóta enn víðtækari fríðinda í þessu efni heldur en nefndar orkuveitur, þar sem Rafmagnsveitur ríkisins eru einnig undanþegnar opinberum gjöldum af húseignum sínum, sbr. 77. gr. orkulaga nr. 58/1967. Telja verður sanngirnis- og réttlætismál að Skeiðsfossvirkjun verði skattlögð með sama hætti og önnur orkufyrirtæki í landinu.

Frumvarp þetta er flutt að tilmælum Siglufjarðarkaupstaðar, sem er eigandi virkjunarinnar. Ráðuneytið hefur leitað umsagnar nokkurra þeirra aðila er málið varðar, m. a. þeirra er verða munu fyrir tekjumissi samkvæmt frumvarpinu, þ. e. fjármálaráðuneytisins vegna ríkissjóðs, sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu vegna sýsluvegasjóðs og hreppsnefndar Holtshrepps vegna sveitarsjóðs Holtshrepps. Umsagnir ofangreindra aðila eru fylgiskjöl með frumvarpi þessu. Eins og fram kemur í fylgiskjöllum með frumvarpinu er fjármálaráðuneytið og sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu meðmælt efni frumvarpsins. Hreppsnefnd Holtshrepps er hins vegar að hluta til andvíg efni frumvarpsins. Hreppsnefndin óskar að fram komi skylda Rafveitu Siglufjarðar til greiðslu fasteignaskatta af öllum húseignum, þ. m. t. rafstöðvarhús. Orðalagið, sem lagt er til í frumvarpinu, er eins og fyrr greinir samhljóða 16. gr. laga um Landsvirkjun um skattskyldu þess fyrirtækis. Umrædd 16. gr. hefur verið skilin á þann veg að stöðvarhúsin eru talin til húseigna og því skattskyld. Samkvæmt því ætti orðalag frumvarpsins að koma til móts við sjónarmið hreppsnefndar Holtshrepps.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 16. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun. Verði frumvarpið að lögum, yrði skattaleg staða Skeiðsfossvirkjunar algerlega sambærileg við skattalega stöðu Landsvirkjunar.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjöl:

1. Bréf fjármálaráðuneytisins til iðnaðarráðuneytisins, dags. 26. febrúar 1985.
2. Bréf sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu til iðnaðarráðuneytisins, dags. 25. marz 1985.
3. Bréf oddvita Holtshrepps til iðnaðarráðuneytisins, dags. 26. marz 1985.

Fylgiskjal I.

Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli

Fjármálaráðuneytið

26. febrúar.

Ráðuneytið vísar til erindis iðnaðarráðuneytisins, dags. 12. þ. m., þar sem óskað er umsagnar um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 98/1935 um virkjun Fljótaár, en skv. því er lagt til að Skeiðsfossvirkjun njóti sömu skattafríðinda og ýmis önnur raforkuver.

Af þessu tilefni tekur ráðuneytið fram að í ljósi lagaákvæða er undanþiggja ýmis raforkuver opinberum gjöldum sýnist ekki óeðlilegt að aflað sé sambærilegrar heimildar, varðandi Skeiðsfossvirkjun. Hins vegar telur ráðuneytið nauðsynlegt að 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins orðist sem hér segir:

„Virkjun sú, sem rekin er samkvæmt lögum þessum, Skeiðsfossvirkjun, er undanþegin tekjuskatti, eignarskatti, stimpilgjöldum vegna lána sem virkjunin tekur eða vegna eignaafsala til fyrirtækisins, útsvari, aðstöðugjaldi svo og öðrum gjöldum til sýslusjóða og sveitarfélaga.“

Með þessari breytingu yrði skattaleg staða fyrirtækisins ákveðin algerlega sambærileg og skattaleg staða Landsvirkjunar, sbr. 16. gr. laga nr. 42/1983.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Lárus Ögmundsson.

Fylgiskjal II.

Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu
Bæjarfógetinn á Sauðárkróki

Sauðárkróki, 23. mars 1985.

Með tilvísun til bréfs hins háa ráðuneytis, dags. 12. f. m., þar sem óskað er umsagnar um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 98/1935 um virkjun Fljótaár, skal tekið fram, að sýslunefnd Skagafjarðarsýslu sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir, þar sem verið er að færa lög varðandi þessa virkjun til samræmis við gildandi ákvæði varðandi önnur orkuver.

Nokkur ágreiningur hefur verið um skyldu Skeiðsfossvirkjunar til að greiða sýsluvegasjóðsgjald af húseignum sínum og fasteignagjöld til Holtshrepps, en þau atriði virðast liggja ljóst fyrir verði frumvarp þetta að lögum.

Halldór P. Jónsson.

Fylgiskjal III.

Brúnastöðum, 26. mars 1985.

Bókun hreppsnefndar Holtshrepps um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 98 1935 um virkjun Fljótaár:

Vegna þeirrar sérstöðu sem virkjun Fljótaár hafði í för með sér, þ. e. a. s. að leggja þurfti undir uppistöðulón verulegan hluta byggðra jarða í Holtshreppi og um leið hafi tekjustofnar sveitarfélagsins verulega skerst.

Því telur hreppsnefnd Holtshrepps það sanngirnismál að Rafveita Siglufjarðar greiði áfram þau gjöld sem henni hafi borið til sveitarsjóðs Holtshrepps samkv. lögum nr. 8 frá 1971, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, eftir því sem við á. Með lagabreytingu þeirri, sem fyrirhuguð er, lítur sveitarstjórn svo á, að samþykkt sé greiðsluskylda Rafveitu Siglufjarðar á ógreiddum fasteignasköttum til sveitarsjóðs Holtshrepps á undanförunum árum.

Fari svo að áðurnefnd lagabreyting verði gerð óskar sveitarstjórn að fram komi ótvíræð skylda Rafveitu Siglufjarðar til greiðslu fasteignaskatta af öllum húseignum í Holtshreppi, þar með talin **Rafstöðvarhús**.

Virðingarfyllt.

F. h. sveitarstj. Holtshr.
Oddviti Holtshr.
Ríkharður Jónsson.

Til iðnaðarráðuneytisins, Reykjavík.